



Laseraðgerðir
Eftirmeðferð



Hvað á að gera?

Lesið leiðbeiningarnar vel yfir og spyrjið ef þörf er á.

Mikilvægt er að hlífa augunum:

1. Notaðu hlífðarglæru í 4 nætur eftir aðgerð.
2. Notaðu sólgleraugu í miklu sólarljósi í 1 viku eftir aðgerð (ekki endilega dökk).
3. Ágætt er að leggja sig í 1-2 tíma að aðgerð lokinni.

Mikilvægt er að nota augndropa samkvæmt fyrirmælum:

1. **Maxidex:** lyf gegn bólgu viðbrögðum, einn dropi í hvort auga, 4 sinnum á dag í 4 daga eftir aðgerðardag.
2. **Oftaquix:** sýklalyf, einn dropi í hvort auga, 4 sinnum á dag í 4 daga eftir aðgerðardag.
3. **Gervitár:** Notaðu 1 dropa í hvort auga á 2 klst. fresti fyrstu 2 vikurnar en síðan má draga aðeins úr því næstu 2 vikur á eftir.

Nota gervitár alls í a.m.k. 4 vikur eftir aðgerð.

Hvað er eðlilegt?

(fyrst eftir aðgerð)

1. Aðskotahlutstífling, (að finnast eitthvað vera uppi í augunum).
2. Þíringur í augum.
3. Óskýr sjón (móðusjón, vaselínsjón).
4. Táraflæði.
5. Að sjá verr með öðru auganu, ýmist langt í burtu eða við lestur.

Úrlausn vegna ofangreindra atriða:

Nota nóg af gervitárum.

Hvað er óeðlilegt?

1. Skyndilegur verkur er aldrei eðlilegur og skal þá strax hafa samband í neyðarsímanúmer hér aftan á bæklingnum.

Algengar spurningar

- Hvernig á að setja dropa í augun?**
Draga neðri hvarm niður að kinnbeini og búa til poka sem dropinn fellur í. Notið spegil til öryggis.
- Hvenær á að byrja að nota dropana?**
U.þ.b. klukkustund eftir aðgerð.
- Hvernig er með hárfvottinn?**
Best að geyma hann í nokkra daga en fara síðan mjög varlega og halla sér vel aftur svo fari ekkert vatn í augun í 2 vikur.
- Þarf ég nokkuð gervítar því ég er með svo mikið táraflæði?**
Táraflæði er merki um augnþurrk svo þá þarf einmitt að nota meira af gervítárum.
- Get ég notað of mikið af gervítárum?**
Það er aldrei hægt að nota of mikið af þeim fyrst eftir aðgerð.
- Má fara í augnháralitun fyrir aðgerð?**
Já, en þarf að vera a.m.k. 1 viku fyrir aðgerðardag.

Hvað á ekki að gera?

Nuddið ekki augu í 2 vikur eftir aðgerð.

Má ekki:	fyrir en eftir:
1. Fara í líkamsrækt	2 daga
2. Nota maskara	*1 viku
3. Nota aðrar snyrtivörur	3 daga
4. Vera í ryki/óhreinindum	1-2 vikur
5. Fara í kontaktíþróttir	1 viku
6. Fá vatn í augun	1 viku
7. Fara í sund	2 vikur
8. Fara í augnháralitun	1 mánuð

* *Nota skal nýjan vatnsleysanlegan maskara.*

Mundu!

Það tekur a.m.k. 6 mánuði fyrir full áhrif aðgerðarinnar að koma fram.

Neyðarnúmer:

Sjónlag, skiptiborð	577 1001
Jóhannes Kári Kristinsson	898 3288
Ólafur Már Björnsson	895 4441
Augndeild LSH	543 1000

Allan sólarhringinn má hafa samband við deildarlækni á augndeild LSH ef ekki næst í neyðarnúmer.



Glæsibær

Álfheimar 74

5. hæð

104 Reykjavík

Sími 577 1001

Fax 577 1021

sjonlag@sjonlag.is

www.sjonlag.is